



Handbók um NPA

1. útgáfa 10. febrúar 2012

Inngangur

Hér gefur að líta handbók um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Henni er ætlað að gagnast sveitarfélögum, notendum, ríkisstofnunum og öðrum þjónustuaðilum við framkvæmd þróunarverkefnis um NPA. Hún er gefin út af verkefnisstjórn um NPA sem fyrsta skref í átt að fullri innleiðingu NPA á Íslandi. Áætlað er að lögfesta NPA sem eina meginstoðina í þjónustu við fatlað fólk árið 2014, eins og segir í bráðabirgðaákvæði IV í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Í lögunum segir að hlutverk verkefnisstjórnar sé að móta ramma um fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlað fólk. Líta má á þessa handbók sem slíkan ramma. Í þessari vinnu hefur verkefnisstjórnin átt samræður við fjölmarga aðila og litið til reynslu bæði innanlands og hjá Norðurlöndunum.

Næsti liður þróunarverkefnisins er að sveitarfélög setji sér sjálf reglur um það hvernig veita skuli NPA á grundvelli handbókar þessarar. Slíkar reglur eru forsenda fyrir því að NPA-samningar verði gerðir. Sveitarfélög geta sameinast um setningu slíkra reglna innan þjónustusvæðis. Gefnar verða út leiðbeinandi reglur um gerð slíkra reglna innan skamms.

Mikilvægt er að hafa í huga að ekki er gert ráð fyrir að NPA verði lögbundin þjónusta fyrr en í lok árs 2014. Engu sveitarfélagi er því lagalega skylt að veita NPA fyrr en þá. Rík áhersla er þó lögð á það af hálfu verkefnisstjórnarinnar að sem flest sveitarfélög taki þátt í þessu þróunarverkefni.

Sá rammi sem hér er lagt upp með á hugsanlega eftir að taka breytingum eftir því sem reynslan af framkvæmd þróunarverkefnisins kemur í ljós. Reynslan verður grunnur að góðri löggjöf. Allar ábendingar notenda þjónustunnar, sveitarfélaga og annarra vegna þessarar handbókar eru því einkar verðmætar. Því meiri umræða, því betri verður löggjöfin.

Ábendingum og fyrirspurnum má koma á framfæri á vefsíðu verkefnisins www.vel.is/npa

NPA í fimm skrefum

Eftirfarandi fimm skref lýsa leiðinni í átt að NPA-samningi í sem einfaldastri mynd. Áður en þessi skref eru tekin verður að gera ráð fyrir að sveitarfélagið hafi kynnt notendum að NPA sé valkostur og hvað slík þjónusta feli í sér. Kjósi notandi að leita eftir NPA-samningi eru skrefin í grundvallaratriðum þessi:

1. Notandi sækir um NPA til sveitarfélags.
2. Lagt er mat á stuðningsþörf. Samkomulagi náð.
3. Gert er samkomulag milli notanda og sveitarfélags um fjölda vinnustunda samkvæmt mati á stuðningsþörf. Hverri vinnustund fylgir fé.
4. Á grundvelli þess fjölda vinnustunda gerir notandi einstaklingssamning við sveitarfélagið ef hann kýs að sjá um umsýslu sjálfur, en við sjálfstæðan aðila, sem gert hefur samstarfssamning við sveitarfélagið, ef hann kýs að úthýsa umsýslunni til slíks aðila. Greiðslur samkvæmt samningi hefjast. Leit að aðstoðarfólki hefst.
5. Aðstoðarfólk er ráðið. NPA-þjónustan er hafin.

Samningar

Samkomulag um vinnustundir

Undirritað af fulltrúa sveitarfélags og notandanum. Kveður á um fjölda þeirra vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir notandann, samkvæmt mati á stuðningsþörf. Hverri stund fylgir fé.

Samstarfssamningur um NPA-þjónustu

Þeir sjálfstæðu aðilar sem hyggjast bjóða upp á umsýslu NPA-þjónustunnar og annast vinnuveitandahlutverk skulu gera samstarfssamning um réttindi sín og skyldur við sveitarfélag eða þjónustusvæði á grundvelli starfsleyfis, líkt og kveðið er á um í lögum. Að öðrum kosti geta þeir ekki annast umsýslu vegna NPA.

Einstaklingssamningur um NPA

NPA-samningur getur verið tvenns konar: Á milli notanda og sjálfstæðs aðila sem gert hefur samstarfssamning við sveitarfélag eða milli notanda og sveitarfélags, kjósi notandi að vera umsýsluaðili sjálfur.

Ráðningarsamningur

Hann er gerður milli umsýsluaðila og aðstoðarmanns og kveður á um launakjör, vinnuskipulag, réttindi og skyldur aðstoðarmanns. Notandi þarf að samþykkja ráðningarsamning.

Tíu leiðbeiningar um NPA

1. Allir sem eiga lögheimili á Íslandi og falla undir lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, geta sótt um NPA.

Í 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks kemur fram að fólk falli undir lögin sé það með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Er þar átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum eða slysi. Hér er lagt upp með að allir þeir sem falla undir þessa skilgreiningu og eru með lögheimili á Íslandi geti sótt um NPA.

Rétt er að benda á að um einstaklinga sem eru yfir 67 ára aldri gilda lög um málefni aldraðra. Öldruðum býðst ýmis þjónusta á grundvelli þeirra, vegna ýmissa líkamlegra eða andlegra skerðinga sem þeir kunna að búa við vegna öldrunar sinnar. Mikilvægt er að áréttta að þeir einstaklingar sem eru yfir 67 ára aldri verða hins vegar, eins og aðrir, að falla undir lög um málefni fatlaðs fólks til þess að geta sótt um NPA. Til þess að ákvarða undir hvor lögin viðkomandi heyrir er til dæmis hægt að horfa til þess hvort viðkomandi hafi fallið undir lög um málefni fatlaðs fólks fyrir 67 ára aldur eða ekki. Hafi hann gert það má fremur rökstyðja að hann falli áfram undir þau lög þrátt fyrir aldur sinn.

Þeir sem eru undir 18 ára aldri eru ekki sjálfráða og verða því forsjáraðilar að sækja um NPA fyrir þeirra hönd. Mikilvægt er þó að hafa í huga í umsóknarferlinu öllu og við framkvæmd NPA- þjónustunnar að börn njóta ýmissa réttinda og eru einstaklingar óháðir forsjáraðilum sínum, eins og árétttað er í ýmsum ákvæðum barnalaga. Þegar einstaklingur verður 18 ára og lögráða er mikilvægt að NPA-samningur sé endurnýjaður þannig að samningurinn sé gerður við hann en ekki forsjáraðilann.

2. Sækja skal skriflega um NPA til félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi á lögheimili.

Í 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks segir: „Sveitarfélag þar sem fatlaður einstaklingur á lögheimili tekur ákvarðanir um þjónustu við hann samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum.“ Hér er stuðst við þessa meginreglu og gert ráð fyrir að einstaklingur, eða forsjáraðili fyrir hans hönd, sækji um NPA til félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem viðkomandi á lögheimili.

3. Eftir að umsókn hefur verið móttækin skal teymi fagfólks sveitarfélagsins eða þjónustusvæðis í samstarfi við umsækjandann og mögulega ráðgjafa hans gera mat á stuðningsþörf, hafi slíkt mat ekki þegar farið fram.

Hér er byggt á 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Þar segir að sveitarfélög skuli starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans. Þar segir jafnframt að teymin skuli hafa samráð við einstaklinginn og að matið skuli byggt á viðurkenndum matsaðferðum. Niðurstöður matsins fela ekki í sér eiginlega stjórnvaldsákvörðun en hlutaðeigandi sveitarfélag tekur ákvörðun sína á grundvelli niðurstaðnanna. Notandi getur því annars vegar óskað eftir endurskoðun á matinu eða hins vegar kært þá ákvörðun sem sveitarfélagið tekur, telji hann rétt á sér brotinn.

Gengið er út frá því að við umsókn um NPA og við mat á stuðningsþörf henni tengdri verði ferlið svipað og lögin kveða á um. Þó verður að leggja á það ríka áherslu að teymin, sem lögin nefna, búi yfir ríkri þekkingu á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf sem býr að baki NPA þjónustunni. Í umsóknarferlinu er mikilvægt að ræða sérstaklega hvaða væntingar umsækjandi hefur til NPA og hvernig sé mögulegt að mæta þeim. Á það verður að leggja ríka áherslu að góð sátt verði um það mat á stuðningsþörf sem notað er til þess að gera samkomulag um fjölda vinnustunda. Á þessu stigi, þegar engin lagaumgjörð er orðin til um

NPA, verður raunar ekki séð að unnt verði að hefja NPA nema sátt ríki um þetta mat á stuðningsþörf af hálfu beggja aðila.

Við mat á stuðningsþörf er einnig mikilvægt að hafa í huga, að það er grundvallaratriði við gerð einstaklingssamninga um NPA að þeir séu raunhæfir og sinni raunverulegum þörfum notandans. Samningur sem í raun sinnir ekki þörfum notandans leiðir á endanum til tvöfalds kerfis og óhagræðis. Notandinn mun neyðast til að leita aðstoðar annars staðar, til viðbótar við þá aðstoð sem hann fær með NPA. Mikilvægt er því að nálgast matið sem sjálfsmat notandans.

Mikilvægt er að notandinn hafi greiðan aðgang að utanaðkomandi ráðgjöf og aðstoð í þessu matsferli, frá aðilum sem viðkomandi treystir og þekkir til. Möguleiki á slíkri ráðgjöf og aðstoð tryggir jafnræði, enda ljóst að umsækjendur geta verið mismunandi í stakk búnir að taka þátt í þessu ferli upp á eigin spýtur. Rétt er að benda jafnframt á lög um réttindagæslu fatlaðs fólks í þessu samhengi, en þar er kveðið á um rétt fatlaðs fólks til þess að tilnefna talsmenn.

4. Þegar mat á stuðningsþörf liggur fyrir skulu notandi og fulltrúi sveitarfélags gera með sér undirritað samkomulag um hversu margar vinnustundir notandinn hefur til að ráða aðstoðarfólk. Stundirnar skulu ákvarðaðar fyrir mánuð í senn, með meðaltalsreikningi, en notanda er þó heimilt að flytja stundir á milli mánaða innan almanaksársins.

Nú er komið að því að ákveða hversu marga klukkutíma notandinn þarf í aðstoð að jafnaði á mánuði. Þessi tímafjöldi ákvarðar þá fjárhæð sem notandinn hefur til að ráða starfsfólk.

Mikilvægt er að árétta að hér verður hin metna þörf notandans að liggja til grundvallar, en ekki fjárhagslegt bolmagn sveitarfélagsins. Samkomulagið um vinnustundirnar verður að endurspeglar að fullu matið á þörf notandans fyrir stuðning til þess að lifa sjálfstæðu lífi. Ekki er hægt að bjóða upp á skert NPA miðað við umsamdar vinnustundir.

Samkomulagið um fjölda vinnustunda skal undirritað af báðum aðilum. Án þessa samkomulags er ekki hægt að halda ferlinu áfram. Sá fjöldi tíma sem notandinn hefur nú í höndunum er sú grundvallarstærð sem notandinn hefur til að stíga næsta skref og hefja ráðningu aðstoðarfólks. Fjármagnið sem fylgir hverri stund verður greitt af sveitarfélaginu, samkvæmt einstaklingssamningi um NPA, til þess aðila sem sér um launagreiðslur til aðstoðarfólksins og aðra umsýslu, eins og síðar greinir.

Samkomulagið kveður á um vinnustundir að jafnaði á mánuði. Notandanum er heimilt að færa til tíma sína innan almanaksársins, til þess að mæta breytilegu álagi á lífi sínu.

5. Hverri vinnustund fylgir fjármagn. Skal 85% fjárhæðarinnar vera laun til aðstoðarmanns, 5% greiðsla til notanda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarmanns og 10% renna í umsýslukostnað. Lagt er til að hver stund sé þannig verðlögð á 2800 kr. Heimilt er að bæta við í einstaklingssamning upphæð vegna sérfræðiaðstoðar, samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Í þessari grein er útlistað hversu mikið fjármagn fylgir hverri vinnustund og hvernig það fjármagn skiptist í mismunandi kostnaðarliði.

Lagt er til að heildarfjárhæð sem fylgi hverri vinnustund sé 2800 kr. Hér er miðað við dagvinnutímakaup 30 ára ófaglærðs starfsmanns Reykjavíkurborgar með þriggja ára starfsreynslu, en það er kr. 1351. Reiknað er með 33% kvöldvinnuálagi og 55% næturvinnuálagi, auk 90% helgidagaálags. Að teknu tilliti til launatengdra gjalda auk umsýslukostnaðar og kostnaðar vegna aðstoðarmanns endar talan í 2800 kr.

Af heildarupphæðinni skulu 85% vera laun til aðstoðarmanna, eða kr. 2394. Innan þessarar upphæðar er gert ráð fyrir launatengdum gjöldum. Hér er um jafnaðartölu að ræða, þar sem tekið er tillit til kvöld-, nætur- og helgidagavinnu. Ljóst er að þau tilvik kunna að koma upp þar sem vinna aðstoðarmanna mun ekki fela í sér slíka vaktavinnu. Til dæmis geta sumir einstaklingssamningar einungis falið í sér dagvinnu. Þá lækkar þessi liður sem því nemur.

Þá skal 5% upphæðinnar, eða kr. 141 af hverri vinnustund, vera greiðsla til notenda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarmanns. Sá kostnaður getur verið margvíslegur, enda ljóst að aðstoðarmaður þarf að fylgja notanda í daglegu lífi.

Að síðustu skal 10% upphæðinnar, eða kr. 282 af hverri vinnustund, renna í umsýslukostnað. Hér er um að ræða þann kostnað sem felst í því að sjá um greiðslur launa, finna starfsfólk, borga tryggingar, halda bókhald, gera ársuppgjör, gera vinnuskipulag, útvega afleysingar og annast annað hefðbundið starfsmannahald. Þá skal umsýsluhlutinn einnig renna til þess að kosta fræðslu til handa aðstoðarfólki og notendum.

Sumir notendur kunna að þurfa aðstoð fagfólks eða sérfræðinga að hluta til, svo þeir geti lifað sjálfstæðu lífi. Hér má t.d. nefna þjónustu táknumálstúlka. Heimilt er í slíkum undantekningatilfellum að gera um slíka sérfræðiaðstoð sérstakt samkomulag, sem útlista má undir liðnum sérstök ákvæði í samkomulagi um vinnustundir. Tiltekinni upphæð má þá bæta við í einstaklingssamning um NPA til þess að mæta kostnaði við slíka sérfræðiaðstoð.

6. Aðstoðarmaður/-menn skulu nú ráðnir til þess að vinna í þann tímafjölda sem um ræðir. Hefur þá notandi val um tvær leiðir:

- a. Að leita til sjálfstæðra aðila um að útvega starfskrafta og annast umsýslu vegna þeirra. Gerir notandi einstaklingssamning um NPA við þann aðila. Rennur þá umsýslukostnaður til þess aðila og aðstoðarmenn fara á launaskrá hjá þeim aðila. Hinn sjálfstæði aðili verður áður að hafa undirritað samstarfssamning við sveitarfélag eða þjónustusvæði, um að hann taki að sér slíka þjónustu með tilheyrandi skyldum á grundvelli starfsleyfis.
- b. Að annast sjálfur leit að aðstoðarmönnum, ráðningu þeirra og umsýslu vegna þeirra. Er þá gerður einstaklingssamningur um NPA milli notandans og sveitarfélags og rennur umsýslukostnaður til notandans.

Sveitarfélag skal ætíð veita ráðgjöf í þessu ferli, sé þess óskað.

Einstaklingssamningur um NPA skal gilda allt að 24 mánuði og skal endurskoðaður eftir þörfum.

Greiðslur frá sveitarfélagi til notandans eða hins sjálfstæða aðila sem annast umsýsluna hefjast við undirritun einstaklingssamnings. Fellur þá önnur þjónusta við notanda niður, enda komi NPA í stað hennar.

Á þessu stigi er komið að því að gera einstaklingssamning um NPA, ráða aðstoðarfólk og koma þjónustunni á. Hér eru tvær leiðir mögulegar: Annars vegar getur notandi kosið að semja við sjálfstæðan aðila, sem sveitarfélag hefur gert samstarfssamning við, um að annast ráðningu aðstoðarfólks á framangreindum kjörum og fyrir þann tímafjölda sem samið var um og annast umsýslu með því. Rennur þá umsýslukostnaður til þess aðila og sá aðili telst vinnuveitandi. Hins vegar getur notandi ákveðið að annast ráðningu starfsfólks og starfsmannaumsýslu sjálfur. Rennur þá umsýslukostnaður til hans og notandinn sjálfur telst vinnuveitandi.

Í báðum tilvikum skal sveitarfélag veita notandanum ráðgjöf, sé þess óskað. Í fyrra tilvikinu, þar sem sjálfstæður aðili er valinn til að annast umsýslu og vera vinnuveitandi, skal gerður

einstaklingssamningur um NPA milli notandans og hins sjálfstæða aðila þar sem réttindi og skyldur hvors aðila eru skilgreind. Í síðari tilvikinu, þar sem notandi kýs að vera vinnuveitandi og annast umsýslu sjálfur, er gerður einstaklingssamningur um NPA milli notandans og sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að einstaklingssamningur um NPA gildi í allt að 24 mánuði, eftir því sem ákveðið er í samningnum sjálfum, og að aðilar hans geti farið fram á endurmat á honum eftir þörfum.

Við undirritun einstaklingssamnings um NPA skulu greiðslur samkvæmt honum hefjast til þess aðila sem sér um umsýsluna. Mikilvægt er að undirbúa sig vel undir þennan tímapunkt. Þegar þessu stigi er náð fellur önnur þjónusta sveitarfélagsins við notanda niður samkvæmt samkomulagi, enda sé hún þess eðlis að NPA komi að fullu í hennar stað.

Mikilvægt er að gott samkomulag og skilningur ríki á milli notandans og sveitarfélags um það hvernig þessi breyting á þjónustu við notanda fer fram. Notandi getur þurft svigrúm til þess að laga sig að breyttum aðstæðum.

Purfi einstaklingur þjónustu, eða hafi hann notið þjónustu sem er á hendi ríkisins, skal gera samning á grundvelli viljayfirlýsingar við viðkomandi ríkisstofnun eða hlutaðeigandi ráðuneyti um að þjónustan sé hluti af NPA. Sérstaklega áriðandi er að semja um lykilþætti í þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu og er þar einkum vísað til heimahjúkrunar. Þjónustupættir vegna aðstoðar við nám í framhaldsskóla eða háskóla, og á vinnumarkaði, eru einnig mikilvægir. Unnið er að viljayfirlýsingu um aðkomu ríkisins.

7. Þegar aðstoðarmenn hafa verið fundnir gerir umsýsluaðili, hvort sem það er sjálfstæður aðili eða notandinn sjálfur, við þá ráðningarsamninga.

Ráðningarsamningar kveða á um réttindi og skyldur aðstoðarfólksins, umfang vinnu, vaktafyrirkomulag og kjör, uppsagnarfrest og fleira sem rétt þykir að tilgreina í slíkum samningi, bæði út frá hefðbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði sem og persónulegum högum og þörfum notandans.

Engir kjarasamningar aðstoðarmanna eru til, en sjálfsagt munu þeir líta dagsins ljós í framtíðinni, þegar stétt aðstoðarmanna hefur skapað sér festu. Fram að því verður að styðjast við ráðningarsamninga eingöngu og kjarasamninga sambærilegra stétta. Ljóst er að í ráðningarsamningum verður oft að taka tillit til sérstaks vinnuumhverfis. Til dæmis er líklegt að aðstoðarfólk þurfi að vinna sofandi næturvaktir, en fáar aðrar stéttir þurfa þess. Á slíku þyrfti, svo dæmi sé tekið, að taka í ráðningarsamningi.

8. Notandinn er ætíð verkstjórnandi. Enginn skal ráðinn aðstoðarmaður gegn vilja notandans. Enginn ráðningarsamningur er gerður við aðstoðarmann án samþykkis notandans eða forsjáraðila hans. Ef náinn ættingi er ráðinn aðstoðarmaður skal sveitarfélag ganga úr skugga um að ættinginn sé ráðinn með fullu samþykki notandans.

Í þessari grein er hnykkt á vissum grundvallaratriðum varðandi NPA sem ætíð verður að hafa í huga. Hugmyndafræðin sem liggur til grundvallar þjónustunni er hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Með NPA öðlast fatlað fólk tæki til að ráða lífi sínu sjálft. Ekki má missa sjónar af þessu markmiði við undirbúning og framkvæmd þjónustunnar.

Hér er því í fyrsta lagi áréttað að notandinn skuli vera verkstjórnandi. Þetta þýðir að notandinn ákveður sjálfur hvað hann vill gera á degi hverjum og hvernig hann vill að aðstoðarfólk nýtist. Þó er ljóst að hér hanga ýmis erfið álitamál á spýtnni. Þeir einstaklingar sem sækja munu um NPA verða án efa misvel til þess fallnir að axla þetta

verkstjórnarhlutverk og taka sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt. Það er þó vilji verkefnisstjórnarinnar að sveitarfélög leitist við að túlka þessa hæfni vítt þegar ákveðið er hvort bjóði skuli viðkomandi upp á NPA-þjónustu. Ljóst er að sumir munu til dæmis þurfa stuðning til að koma vilja sínum á framfæri. Af þeim sökum er til að mynda kveðið á um það í 5. gr. þessara leiðbeininga að unnt verði að mæta kostnaði til að kaupa slíka aðstoð, til dæmis táknumálstúlks eða þroskaþjálfara. Aðrir munu hugsanlega þurfa liðsinni aðstandenda til að koma vilja sínum á framfæri og vera verkstjórnendur. Í öllu falli þurfa sveitarfélög, þegar þau líta til þessa atriðis, að vera opin fyrir því að notendur kunna að hafa mjög misjafnar leiðir og aðferðir til þess að annast verkstjórnarhlutverk sitt.

Í öðru lagi er hér kveðið á um að enginn skuli ráðinn aðstoðarmaður gegn vilja notandans og að enginn ráðningarsamningur skuli þar með gerður við aðstoðarmann nema notandi, eða forsjáraðili hans, samþykki þann samning, enda er slíkum samningi ætlað að mæta þörfum notandans eingöngu.

Í þriðja lagi þykir rétt að setja fyrirvara við því að nánir ættingjar séu ráðnir aðstoðarmenn. Séu nánir ættingjar ráðnir aðstoðarmenn skal sveitarfélag ganga úr skugga um það að ráðningin sé með fullu samþykki notanda. Þá skyldu má jafnframt setja á herðar sjálfstæðs umsjónaraðila og geta hennar í samstarfssamningi hans við sveitarfélagið.

9. Aðstoðarmenn og notendur skulu sækja stutt námskeið um skyldur sínar og réttindi.

Til þess að NPA gangi vel er mikilvægt að bjóða aðstoðarfólki og notendum upp á námskeið. Verkefnisstjórn um NPA mun sjá til þess, í samvinnu við aðra aðila, að slík námskeið verði í boði. Jafnframt er mikilvægt að fræða starfsfólk sveitarfélaga um inntak og framkvæmd NPA þjónustunnar.

10. Umsýsluaðili skal skila inn uppgjöri til sveitarfélags einu sinni á ári, þar sem meðal annars kemur fram hversu margar vinnustundir voru unnar. Sveitarfélag skal hafa eftirlit með því að NPA-þjónusta sé veitt í samræmi við samkomulag um vinnustundir.

Til þess að sveitarfélög geti sinnt eftirlitshlutverki sínu er nauðsynlegt að umsýsluaðilinn, hvort sem um er að ræða notandann sjálfan eða sjálfstæðan aðila, skili inn uppgjöri einu sinni á ári. Í uppgjörinu er til að mynda mikilvægt að fram komi hversu margir aðstoðarmenn voru ráðnir og í hversu marga tíma þeir unnu. Sveitarfélag skal sérstaklega gæta að því að sú fjárhæð sem varið var til NPA-þjónustunnar sé öll nýtt til þess að greiða fyrir þann fjölda vinnustunda sem viðkomandi fékk úthlutað, en hafi ekki runnið í aðra hluti. Nánar skal kveðið á um þetta uppgjör í samstarfssamningi sveitarfélags og sjálfstæðs aðila og einnig í einstaklingssamningi notanda við sveitarfélagið kjósi notandi að vera umsýsluaðili sjálfur.